

**75. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
17. september 2019 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Guðríður Sigurjónsdóttir formaður, Helga Kristín Björgólfssdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Heiðrún Hámundardóttir varamaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1908216 - Málefni Bókasafns og Héraðsskjalasafns

Bæjarbókavörður og Héraðsskjalavörður kynna ársskýrslur fyrir 2018. Rætt verður um geymslumál sem og sýningaraðstöðu.

Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður, kynnti ársskýrslu fyrir árið 2018. Í kjölfarið kynnti Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður, ársskýrslu Héraðsskjalasafns 2018. Að því búnu voru geymslumál og sýningarmál safnanna til umræðu. Nefndin þakkar Halldóru og Gerði fyrir greinargóða yfirferð og lýsir jafnframt áhyggjum á yfirvofandi skorti á geymslurými safnanna. Forstöðumanni falið að afla gagna um geymsluþörf safna Akraneskaupstaðar og útbúa þarfagreiningu til kynningar fyrir menningar- og safnanefnd. Halldóra vék af fundi.

2. 1909094 - Listaverk í eigu Akraneskaupstaðar

Héraðsskjalavörður leggur fram minnisblað um listaverk í eigu Akraneskaupstaðar. Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, Héraðsskjalavörður, kynnti minnisblað varðandi listaverkæign Akraneskaupstaðar. Nefndin þakkar Gerði fyrir þarf og gott innlegg. Nefndin hefur skiltgreint ákveðin verkefni sem skulu unnin til að framfylgja menningarstefnu sem var samþykkt á árinu 2018 og er verkefnið "Semja verklagsreglur varðandi listaverkæign" eitt þeirra verkefna sem verður unnið. Gerður vék af fundi.

3. 1901099 - Bókasafn framtíðarinnar

Ásta Þöll Gylfadóttir, ráðgjafi frá Advania kynnir niðurstöður frá vinnustofum sem haldnar voru 20. og 22. maí sl. fyrir menningar- og safnanefnd og bæjarfulltrúum.

Ásta Þöll Gylfadóttir kynnti niðurstöður frá vinnustofunum. Í kjölfarið var rætt um efnið sem var sett fram. Menningar- og safnanefnd falið að móta tillögu um bókasafnið framtíðarinnar út frá niðurstöðunum og leggja fyrir bæjarráð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.

*Guðrún Þórhildur Þórhildar
Helga K. Björgólfssd.
Jónas B. Þórhallsson
Guðmundur Claxton
Heiðrún Hámundardóttir
Ella María Gunnarsdóttir*